



## Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

6. fundur lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í félagsheimilinu Borg, þriðjudaginn 12. September 2023 kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Jakob Guðnason formaður

Dagný Davíðsdóttir

Anna Katarzyna Wozniczka í fjarfundi

Guðrún Ása Kristleifsdóttir Heilsu- og tómsundafulltrúi

Elín Lára Sigurðardóttir heilsueflandi samfélag

Sigríður Þorbjörnsdóttir heilsueflandi samfélag

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Dagný Davíðsdóttir

#### 1. Heilsueflandi samfélag.

*Guðrún Ása fór yfir stöðuna varðandi heilsueflandi samfélag, veitt voru hvatningarverðlaun til blakliðs UMF Hvatar. Hreyfing og útivera er þemað sem tekur við um áramót. Mánaðarlegar gönguferðir fyrir 60+ verða farnar á áhugaverðum stöðum í sveitarfélaginu. Ratleiks skiltin verða tilbúin vonandi fyrir vetrarfrí, Guðrún Ása kemur þeim fyrir á nokkrum stöðum og auglysir á heimasíðu GOGG. Haldin verða starfgöngu og skriðsundsnámskeið sem hluti af íþrottaviku evrópu.*

#### 2. Ungmennaráð.

*Tilnefna þarf ungmenni í ungmennaráð Grímsnes og Grafningshrepps, Guðrúnu Ásu falið að hafa samband við ungmenni á aldrinum 16-18 ára og kanna vilja þeirra til að taka þátt í ungmennaráði, einnig er Guðrúnu Ásu falið að tilnefna ungmenni á unglíngastigi Kerhólsskóla í ungmennaráðið.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 19:00